

Forval fyrir hönnunarsamkeppni nýs Landspítala við Hringbraut.

Niðurstöður forvalsnefndar.

Umsóknir um þátttöku í forvali fyrir hönnunarsamkeppni vegna byggingar nýs Landspítala við Hringbraut voru opnaðar hjá Ríkiskaupum mánudaginn 15. febrúar 2010, kl 14.00. Alls bárust sjö umsóknir frá eftirtöldum aðilum:

<p>Umsókn 1: Mannvit hf, ábyrgðaraðili teymis Arkís THG arkitektar Landmótun</p> <p><u>Samstarfsaðilar:</u> Torgið Teiknistofa Rambøll Danmark Aarhus Arkitekterne Veðurvaktin Veðurvaktin</p>	<p>Umsókn 2: VSÓ Ráðgjöf, ábyrgðaraðili teymis PK arkitektar Studíó Strik Forma VSB verkfræðistofa Atkins – Health Planners Graeme Massie architects Reiach and Hall</p>	<p>Umsókn 3: Almenna verkfræðistofan hf, ábyrgðaraðili teymis Arkitektur.is Basalt arkitektar Hnit verkfræðistofa Hornsteinar arkitektar Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar VSI öryggishönnun og ráðgjöf</p> <p><u>Samstarfsaðilar:</u> Freyr Jóhannesson, byggingartæknifræðingur Steinar Sigurðsson, arkitekt Arup Amsterdam dJGA Tribal - Health</p>
<p>Umsókn 4: TBL arkitektar ehf, ábyrgðaraðili teymis Ferill – verkfræðistofa Raftákn John Cooper Architecture Origo arkitektgrúpe AS COWI A/S Vinnuvernd HCP</p>	<p>Umsókn 5: Verkís hf, ábyrgðaraðili teymis VA - arkitektar Arkþing arkitektar Úti og inni sf. Teiknistofa arkitekta Landslag Arkitema Arkitektar Grontmijr Carl Bro</p>	<p>Umsókn 6: Efla hf, ábyrgðaraðili teymis Ask arkitektar Bjarni Snæbjörnsson, arkitekt Kanon arkitektar Lagnatækni Landark Medplan Norconsult Teiknistofan Tröð</p>
<p>Umsókn 7: Guðjón Bjarnason, arkitekt, ábyrgðaraðili teymis Carlos Zapata, arkitekt Dr. Maggi Jónsson, arkitekt Sigurður Gústafsson, arkitekt Guðrún Gústafsdóttir, arkitekt Hermann Ólafsson, landslagsarkitekt Kjartan K. Steinbach, rafmagnstæknifræðingur Erlendur S. Birgisson, verkfræðingur Júlíus Sólmes, verkfræðingur Pétur Karl Sigurbjörnsson, rafmagnstæknifræðingur Ágúst Birgisson, byggingartæknifræðingur Dagbjartur Guðmundsson, verkfræðingur Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur Gunnlaugur Kristjánsson, byggingartæknifræðingur</p>		

Mikill fjöldi hönnuða stendur á bak við teymin sjö og eru um 800 íslenskir háskólamenntaðir sérfræðingar á byggingarsviði í teyminum.

Forvalsnefndin er skipuð fulltrúum verkkaupa og Framkvæmdasýslu ríkisins og mat umsóknirnar með eftirfarandi hætti.

Hæfi.

Forvalsnefndin mat hæfi umsækjenda samkvæmt þeim skilyrðum sem fram koma í forvalsgögnum. Þessi skilyrði varða þætti eins og menntun, starfsreynslu við hönnun stórra og meðalstórra bygginga í ákveðnum byggingarflokkum, reynslu af stjórnun, fjölda háskólamenntaðra starfsmanna á byggingarsviði, gæðakerfi ofl.

Það er mat nefndarinnar að allir umsækjendur nema einn uppfylli hæfisskilyrðin.

Umsókn 7, þ.e. með Guðjón Bjarnason sem ábyrgðaraðila, uppfyllir ekki skilyrði um starfsreynslu verkfræðihönnuðar 1 (formblað 8) og verkfræðihönnuðar 5 (formblað 12). Gerð er krafa um 5 ára starfsreynslu við hönnun stórra og meðalstórra bygginga á síðustu 10 árum. Verkefni sem talin eru upp hjá þessum hönnuðum og falla undir ofangreinda stærðarskilgreiningu uppfylla ekki þær kröfur sem gerðar eru, þ.e. um 5 ára starfsreynslu. Umsóknin er ekki fyllt út með fullnægjandi hætti, svo sem tímabil sem unnið er að hönnun ákveðinna verkefna. Þá eru ýmis fleiri atriði í umsókninni sem óvíst er hvort uppfylli hæfisskilyrði en óþarfi er að kanna þau frekar þar sem ljóst er að teymið uppfyllir ekki hæfisskilyrði verkfræðihönnuða 1 og 5.

Könnuð var íslenskukunnátta Indro Indriða Candi í umsókn 5 og Hans-Olavs Andersen í umsókn 6.

Indro Indriði Candi er fæddur á Íslandi og gekk hér í grunnskóla. Hann talar og skrifar góða íslensku.

Hans-Olav er fæddur og uppalinn í Noregi en hefur búið á Íslandi í nærri tvo áratugi. Hann talar og skrifar góða íslensku.

Stigagjöf.

Ábyrgðaraðili	Almenn reynsla teymis af hönnunarverkefnum	Sérþekking í skipulagningu spítala	Árangur í hönnunarsamkeppnum	Hönnunarstjóri	Samræmingarhönnuður	Samtals stigafjöldi
Mannvit hf	40	30	30	40	40	180
VSÓ ráðgjöf	24	30	30	40	20	144
Almenna verkfræðistofan hf	40	30	30	40	40	180
TBL arkitektar ehf	40	30	30	40	40	180
Verkís hf	40	30	30	40	40	180
Efla hf	40	30	30	20	40	160

Allir umsækjendur sem nefndin mat hæfa ná lágmarksstigafjölda sem er samtals 135 stig.

Hér að neðan er gerð grein fyrir þeim atriðum sem valda því að tvær umsóknir fá ekki hámarksfjölda stiga (180 stig):

Hjá VSÓ Ráðgjöf telst almenn reynsla af hönnunarverkefnum ekki nægileg samkvæmt umsókninni til þess að skila hámarksfjölda stiga. VSÓ Ráðgjöf telur fram reynslu af skipulagsverkefnum sem ekki eru talin uppfylla skilyrði þess að vera metin og fær því 24 stig af 40 mögulegum (formblað 14). Einnig telst starfsreynsla samræmingarhönnuðar 9 ár sem gefur 20 stig af 40 mögulegum (formblað 18).

Hjá Efla hf telst starfsreynsla hönnunarstjóra ekki nægileg til þess að skila hámarksfjölda stiga. Hönnunarstjóri Efla hf hefur 6-10 ára reynslu af hönnunarstjórn stærri verkefna og fær því 20 stig af 40 mögulegum (formblað 17).

Niðurstaða.

Eftirfarandi fimm umsækjendur eru valdir til þátttöku í hönnunarsamkeppni vegna byggingar nýs Landspítala:

<p>Umsókn 1: 180 stig Mannvit hf, ábyrgðaraðili teymis Arkís THG arkitektar Landmótun</p> <p><u>Samstarfsaðilar:</u> Torgið Teiknistofa Rambøll Danmark Aarhus Arkitekterne Veðurvaktin Veðurvaktin</p>	<p>Umsókn 3: 180 stig Almenna verkfræðistofan hf, ábyrgðaraðili teymis Arkitektur.is Basalt arkitektar Hnit verkfræðistofa Hornsteinar arkitektar Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar VSI öryggishönnun og ráðgjöf</p> <p><u>Samstarfsaðilar:</u> Freyr Jóhannesson, byggingartækniþróun Steinar Sigurðsson, arkitekt Arup Amsterdam dJGA Tribal - Health</p>	<p>Umsókn 4: 180 stig TBL arkitektar ehf, ábyrgðaraðili teymis Ferill – verkfræðistofa Raftákn John Cooper Architecture Origo arkitektgruppe AS COWI A/S Vinnuvernd HCP</p>
<p>Umsókn 5: 180 stig Verkís hf, ábyrgðaraðili teymis VA - arkitektar Arkþing arkitektar Úti og inni sf. Teiknistofa arkitekta Landslag Arkitema Arkitektar Grontmijr Carl Bro</p>	<p>Umsókn 6: 160 stig Efla hf, ábyrgðaraðili teymis Ask arkitektar Bjarni Snæbjörnsson, arkitekt Kanon arkitektar Lagnatækni Landark Medplan Norconsult Teiknistofan Tröð</p>	

Eftirfarandi tveir umsækjendur taka ekki þátt í hönnunarsamkeppni vegna byggingar nýs Landspítala:

Umsókn 2: 144 stig VSÓ Ráðgjöf, ábyrgðaraðili teymis PK arkitektar Studío Strik Forma VSB verkfræðistofa Atkins – Health Planners Graeme Massie architects Reiach and Hall	Umsókn 7: Uppfyllir ekki hæfisskilyrði Guðjón Bjarnason, arkitekt, ábyrgðaraðili teymis Carlos Zapata, arkitekt Dr. Maggi Jónsson, arkitekt Sigurður Gústafsson, arkitekt Guðrún Gústafsdóttir, arkitekt Hermann Ólafsson, landslagsarkitekt Kjartan K. Steinbach, rafmagnstæknifræðingur Erlendur S. Birgisson, verkfræðingur Júlíus Sólmes, verkfræðingur Pétur Karl Sigurbjörnsson, rafmagnstæknifræðingur Ágúst Birgisson, byggingartæknifræðingur Dagbjartur Guðmundsson, verkfræðingur Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur Gunnlaugur Kristjánsson, byggingartæknifræðingur
---	--

Reykjavík, 22. febrúar 2010.

Ingólfur Þórisson, formaður
framkvæmdastjóri eignasviðs, Landspítala

Bergljót S. Einarsdóttir
arkitekt, Framkvæmdasýslu ríkisins

Gyða Baldursdóttir
hjúkrunarfræðingur, Landspítala

Ingjaldur Hannibalsson
prófessor, Háskóla Íslands

Vilborg Þ. Hauksdóttir
skrifstofustjóri, heilbrigðisráðuneyti